



## Reglur um úthlutun iðkendastyrkja til íþróttafélaga

1. Á hverju ári úthlutar lýðheilsu- og íþróttanefnd Kópavogsbæjar iðkendastyrkjum til íþróttafélaga í Kópavogi. Með umsókn félaganna skulu fylgja eftirtalin gögn:
  - a) *Útfyllt iðkendaskýrsla fyrir félagið/deildina staðfest af forsvarsmanni viðkomandi félags/deildar. Óskað er eftir sundurgreiningu eftir kyni og fæðingarári iðkenda.*
  - b) *Nafnalista fyrir hvern hóp/flokk. Staðfestur af forsvarsmanni félags/deildar og þjálfara eða forsvarsmanni hópsins/flokksins.*
  - c) *Ársskýrsla félagsins ásamt endurskoðuðum ársreikningum deilda.*
  - d) *Önnur gögn sem stjórnendur telja að geti gefið nánari upplýsingar en fyrrgreind gögn varðandi starfsemi félagsins/deildarinnar.*
2. Við úthlutun iðkendastyrkja eru aðeins innsendar umsóknir ásamt umbeðnum fylgigögnum styrkhæf. Ef gögn samkvæmt liðum 1, 2 eða 3 er ábótavant á einhvern hátt eða ef gögn berast eftir að skilafrestur er liðinn, þá getur það varðað missi á iðkendastyrk viðkomandi starfsárs. Mikilvægt er að öll fylgiskjöl séu vel útfyllt.
3. Fjöldi iðkenda í hverju félagi/deild skal ávalt miðaður við skráða iðkendur í mars/apríl á árinu sem styrknum er úthlutað.
4. Greiddur er styrkur fyrir alla iðkendur\* félags/deildar á aldrinum 5–19 ára.
5. Greiddur er einfaldur styrkur fyrir alla iðkendur sem eru á aldrinum 5-12 ára, en greiddur er þrefaldur styrkur fyrir iðkendur á aldrinum 13-19 ára. Þetta er gert til að hvetja félögin til að halda betur utan um iðkendur sem eru á brottfallsaldri.
6. Í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir hvert ár er ákveðið hver heildarúthlutun er til iðkendastyrkja. Upphæðin sem greidd er fyrir hvern iðkenda er miðuð við að deila með fjölda iðkenda í heildartöluna sem er til úthlutunar. Upphæðin sem greidd er á hvern iðkenda getur því verið breytileg milli ára og lækkað eða hækkað miðað við fjölgun/fækkun iðkenda.



7. Greiddur er styrkur vegna allra iðkenda sem stunda íþróttir með félögum í Kópavogi, einnig fyrir þá iðkendur sem eiga lögheimili utan Kópavogs en stunda íþróttir með félagi í Kópavogi.
8. Þau félög sem stunda íþróttagreinir sem ekki er hægt að stunda í Kópavogi (s.s. skautaiþróttir) fá greiddan styrk fyrir þá iðkendur sem stunda æfingar með félaginu og eiga lögheimili í Kópavogi. Þetta gildir einnig um félög þar sem starfsemi nær yfir fleiri sveitarfélög s.s. ÍFR og Ösp.
9. Þegar um félög er að ræða sem starfar í tveimur bæjarfélögum svo sem Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar og Hestamanafélagið Sprettur, er greiddur fullur styrkur fyrir hvern iðkenda úr Kópavogi, hálfur styrkur fyrir iðkendur utan Kópavogs, en engin styrkur fyrir þá iðkendur sem búa í Garðabæ.
10. Styrkur er greiddur til félags/deildar þegar ársreikningi hefur verið skilað inn til íþróttadeildar. Reikningar fyrir barna- og unglingastarf og meistaraflokksstarf skulu vera aðskildir þar sem það á við.

*\*Iðkandi er sá félagsmaður í íþróttafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinir á vegum félags einu sinni eða oftari í viku í að minnsta kosti 10 vikur samfleytt.*

Samþykkt í lýðheilsu og íþróttanefnd Kópavogs 16. október 2025